

Saga Félags heyrnarlausra 1960-2000

Þessi sögusíða er byggð á sögusýningu er var sett upp í Gerðubergi í tilefni af 40 ára afmæli Félags heyrnarlausra, 12. febrúar 2000.

Forssaga heyrnarlausra á Íslandi



Heyrnarlausir hafa alltaf komið saman til þess að hafa félagsskap hver af öðrum, leitað ráða og skipst á skoðunum. Fram að stofnun félagsins áttu þessar samkomur sér stað í heimahúsum hjá nokkrum heyrnarlausum og urðu nokkur heimili að félagsheimilum fyrir heyrnarlausra. En hópurinn stækkaði og heyrnarlausir sáu fram á að til þess að halda áfram hittast urðu þeir að stofna með sér félag sem héldi utan um hópinn og sinnti málefnum þeirra. Ein af ástæðum þess að heyrnarlausir voru að vera meðvitaðri um mikilvægi samstöðu sinnar var sú að árið 1950 kom hingað til lands heyrnarlaus Færeyingur. Sá hafði gengið í skóla fyrir heyrnarlausra í Kaupmannahöfn og því kynnst vel því samfélagi heyrnarlausra sem þar var. Samfélag heyrnarlausra í Danmörku hafði fyrir

löngu stofnað með sér hagsmunafélag sem barðist fyrir málefnum heyrnarlausra. Koma Færeyingsins var ekki öllum gleðiefni þar sem hann bar með sér ákveðna straua – táknmál – fullþróað mál sem hafði þróast lengra en fingra- og bendingamálið sem var notað af eldri kynslóðinni hérlendis. Að vissu marki ýtti hann undir þróun táknmálsins enn frekar og vakti heyrnarlausra til frekari vitundar um stöðu sína, tungumál og sögu. (mynd: Sr. Páll Pálsson (1836-1890) skólastjóri Málleysingjaskólans (1867-1890))



Margrét Rasmus (1877-1958) skólastjóri Málleysingjaskólans í Reykjavík 1908-1944 ásamt nemendum sínum á jólaskemmtun.



Brandur Jónsson (1911-1982) skólustjóri Heyrnleysingjaskólans 1944-1981 ásamt nemendum sínum.

Árin 1960-1970

Fyrsta félagið var stofnað snemma á sjötta áratugnum en það lifði ekki lengur en í nokkra mánuði. Félag heyrnarlausra, eins og það lítur út í dag, var stofnað 11. febrúar 1960. Á stofnfundinn mættu 33 og voru lög félagsins lögð fyrir og samþykkt. Lögini lýsa þeim áherslu sem voru á þessum tíma í málefnum heyrnarlausra.

Lög fyrir Félag heyrnarlausra

1. grein

Félagið heitir Félag heyrnarlausra og var stofnað 11. febrúar 1960.

2. grein

Tilgangur félagsins er að stuðla að auknum félagsskap þeirra, sem mállitlir eða mállausir eru vegna heyrnarleysis og vinna að hagsmunamálum þeirra.

3. grein

Félagið heldur samkomur, spilakvöld, skemmtanir eða kvikmyndasýningar fyrir meðlimi sína ekki sjaldnar en tvisvar í mánuði og beitir sér fyrir öðru því, sem orðið getur meðlimum þess til stundastyttingar í frítímum þeirra.

4. grein

Til að annast það sem félagið gerir meðlimum sínum til skemmtunar skal kjósa fimm manna nefnd á aðalfundi félagsins og skal hún starfa eitt ár í senn.

5. grein

Stjórn félagsins skipa formaður, ritari, gjaldkeri og tveir meðstjórnendur, sem skulu kosnir til tveggja ára í senn.

6. grein

Stjórnarkosning skal vera skrifleg, fara fram á aðalfundi og ræður einfaldur meirihluti atkvæða. Aðalfundur er því aðeins löglegur að helmingur meðlima búsettra í Reykjavík sé mættur.

7. grein

Lög og lagabreytingar verða því aðeins lögmætar að þær fái meira en helming atkvæða allra félagsmanna.

8. grein

Árgjöld félagsmanna skulu ákveðin á aðalfundi félagsins, sem haldinn skal ár hvert í október. Þeir meðlimir, sem eldri eru en 70 ára skulu ekki greiða árgjald, og þeir meðlimir, sem búsettir eru utan Reykjavíkur skulu greiða helmingi lægra árgjald en þeir, sem eru búsettir í Reykjavík. Hjón greiða $\frac{3}{4}$ af því árgjaldi, sem einhleypur félagsmaður greiðir. Þeir meðlimir, sem eru óvinnufærir greiði $\frac{1}{2}$ árgjald.

9. grein

Ekki má verja meiru en $\frac{1}{4}$ af tekjum félagsins til að standa straum af skemmtunum, sem það heldur, hverju sinni en $\frac{3}{4}$ af tekjum þess skulu lagðar í hússjóð.

Fyrsta stjórn félagsins var skipuð fjórum heyrnarlausum og einum heyrandi og má af þessum lögum sjá að félagið hafi í byrjun haft þann tilgang að vera félagsskapur sem héldi utan um ákveðinn hóp sem kæmi saman til þess að skemmta sér og öðrum. Einnig kemur að skýrt fram að félagið taldi mikilvægt að eignast sitt eigið húsnæði og er lagður grunnurinn að því í 9. grein laganna þar sem tekið er fram að $\frac{3}{4}$ af tekjum félagsins skulu vera lagðar í hússjóð. Félagið hafði á þessum árum aðstöðu í Heyrnleysingjaskólanum sem þá var staðsettur í Stakkholti en það húsnæði þótti henta illa þar sem heimavist nemenda var í sama húsi. Því var lagt kapp við það að hefja söfnun fyrir húsnæði.

Á þessum áratug var einnig lagður grunnur að þátttöku Félags heyrnarlausra í norrænu samstarfi en árið 1960 tóku heyrnarlausir Íslendingar í fyrsta sinn þátt í norrænu móti er haldið var í Svíþjóð. Fyrstu 10 árin fóru rólega af stað hjá félaginu en þó vannst sá merki áfangi í réttindabaráttu heyrnarlausra að umferðarlögunum var breytt á þann veg að heyrnarlausir gátu nú fengið ökuskírteini.

Ökuréttindi handa heyrnarlausum

Eitt af því fyrsta sem Félag heyrnarlausra beitti sér fyrir eftir stofnun þess var að tryggja því máli brautargengi í gegnum Alþingi að heyrnarlausir öðluðust ökuréttindi.

Heyrnarlausir á Norðurlöndunum höfðu notið þessara réttinda í umtalsverðan tíma og höfðu sýnt og sannað að heyrnarlausum var vel treystandi til þess að aka og oftast betur treystandi

en heyrandi. Á þetta atriði, sem og önnur, var bent til þess að öðlast skilning þingmanna á málinu og einnig gengu fulltrúar félagsins ásamt Brandi Jónssyni, þáverandi skólastjóra Heyrnleysingjaskólans, á fund Jóhanns Hafsteins fyrrverandi dómsmálaráðherra og útskýrðu stöðu mála fyrir honum. Jóhann tók vel í þessa beiðni og hét félaginu fullum stuðningi.



Mynd: Fyrsti heyrnarlausni Íslendingur sem fær meirapróf: Kristján Friðgeirsson á árinu 1994

Þá voru fyrirhugaðar breytingar á umferðarlögunum vegna skyldutrygginga og fóru umræður um þessa lagabreytingu fram á sama tíma. Þegar Jóhann Hafstein kynnti málið sagði hann meðal annars að þessi breyting fæli í sér breytingu á ákvæði umferðarlaganna sem fæli það í sér að hluteigandi aðili yrði að hafa góða sjón og heyrn til þess að mega aka bíl. Jóhann vildi að í staðinn kæmi „góð sjón og nægileg heyrn“. Einnig væri hægt að gera viðeigandi varúðarráðstafanir svo sem að krefjast þess að bílar þeir sem heyrnarlausir ækju væru betur útbúnir speglum. Að lokum benti Jóhann á að almennt væri talið að heyrnarleysi væri engin hindrun fyrir því að aka bíl og að hér væri mikið í húfi fyrir heyrnarlausra og „... ástæðulaust að hindra þetta fólk frá því að verða þessa réttar aðnjótandi eins og við hinir. Það fer víst nógu mikils á mis þrátt fyrir það, og í sumum tilfellum getur þetta hreinlega verið atvinnuspursmál.“ Einnig tók hann það fram að umferðarlaganefnd hafði haft málið til umfjöllunar og hafi komist að þeirri niðurstöðu að ekki væri því til fyrirstöðu að af þessari lagabreytingu yrði.

Nokkrar umræður sköpuðust um málið á þingi, flestir voru þó með þessari breytingatillögu en þó ekki allir. Helstu mótrökkin voru þau að sumir töldu að slysaætta í umferðinni mundi aukast, heyrnarlausir gætu tafið fyrir þjónustu neyðarbíla, svo sem sjúkrabíla og öðrum þótti þetta hrein fásinna.

Einnig var mikið rætt um það orðalag sem átti að nota í lögunum til þess að tryggja heyrnarlausum ökuréttindi en þau voru að í stað þess að hafa góða heyrn mundi nú koma nægileg heyrn. Eftir að málið hafið farið fyrir efri og neðri deild ákvað Jóhann að fella þetta algjörlega út úr lögunum þar sem „nægileg heyrn“ þótti einum of teygjanleg hugtak.

Málið fékk að lokum farsælan endi og ný umferðarlög voru samþykkt, fyrstu lögin þar sem heyrnarlausum var tryggður réttindi á við hið heyrandi samfélag.

Ekki verður annað sagt en að nýju lögin breyttu miklu fyrir heyrnarlausra, bæði varðandi atvinnumöguleika og einnig að varð öflun upplýsinga auðveldari þar sem heyrnarlausir á þessum tíma höfðu ekki tækifæri á að taka upp síma og hringja heldur urðu að fara þangað sem upplýsingarnar voru gefnar.

Árin 1970-1980



(Mynd: Frá Norænu æskulýðsmóti í Finnlandi 1972)

Á áttunda áratugnum var markmið félagsins það sama og við stofnun þess: að „stuðla að auknum félagsskap þeirra, sem mállitlir eða mállausir eru vegna heyrnarleysis og vinna að hagsmunamálum þeirra.“ Löggin höfðu haldist óbreytt frá stofnun félagsins og að mörgu leyti var það ekki búið að slíta barnsskónum. Félagsmenn voru óvanir stjórnarsetum og höfðu sumir ekki þá þekkingu sem þarf til þess að gegna því hlutverki. Félag heyrnarlausra hafði komið sér upp skrifstofu þar sem starfaði einn starfsmaður og sinnti hann ráðgjafajónustu fyrir heyrnarlausum í sambandi við tryggingamál, húsnæðismál, atvinnu, hjálpartæki og félagslega hjálp.

Það sem hafði einna mest áhrif á starfsemi félagsins á þessum árum, ólíkt hinum fyrri, var stofnun framkvæmdanefndar og tilkoma happdrættis heyrnarlausra sem hefur verið aðaltekjulind félagsins frá því að því var hleypt af stokkunum. Með tilkomu aukins fjármagns gat félagið ráðist í fleiri verkefni en áður. Framkvæmdanefndin var skipuð fjórum heyrandi og tveimur heyrnarlausum einstaklingum og fór nefndin með fjármál og skipulagningu félagsins.

Helstu verkefni félagsins voru á þessum áratug að ganga í Dövas Nordiske Råd eða Norðurlandaráð heyrnarlausra. Aukin Norðurlandasamvinna var þýðingarmikil fyrir félagið þar sem hin Norðurlöndin voru komin talsvert frammar í málefnum heyrnarlausra en Ísland og gat því félagið leitað ráða og styrks frá þeim. Þing Norðurlandaráðs heyrnarlausra var haldið í fyrsta sinn á Íslandi á þessum áratug. Félagið stóð fyrir fyrsta æskulýðsmóti Norðurlanda á Íslandi og fyrsta móti aldraðra heyrnarlausra. Þessi aukna Norðurlandasamvinna litaði áratuginn og varð þungmiðjan í starfi félagsins enda var félagið ungt að árum og reyndi eftir megni að nýta sér þær upplýsingar og þá þekkingu sem félög heyrnarlausra á Norðurlöndunum höfðu komið sér upp. Þar á meðal stóð félagið fyrir fyrsta táknmálsnámskeiðinu sem var haldið hérlendis en það var fyrir kennara Heyrnleysingjaskólans og bar vott um þá hugarfarsbreytingu sem var að verða í sambandi við táknmálið, hægt og rólega þó.



(Mynd: Hervör Guðjónsdóttir flytur erindi á norrænni menningarhátíð í Alaborg 1974)

Félagsstarfsemin var einnig mjög stór þáttur af starfsemi félagsins sem og sú klúbbastarfsemi sem tengdist félaginu. Íþróttarfélag heyrnarlausra var stofnað undir lok þessa áratugs og við það eflðist íþróttarlíf heyrnarlausra.

Önnur baráttumál voru þessi:

Örorkubætur

Baráttan fyrir tryggingabótum var eitt mikilvægasta mál heyrnarlausra á þessum tíma. Frá því í byrjun áratugarins höfðu heyrnarlaus börn undir 16 ára aldri fengið örorkubætur ef foreldrar barnanna voru lágtekjufólk en þessum bótagreiðslum var síðan hætt þegar börnin hættu í skóla. Þegar leið á áratuginn voru reglurnar að endingu afnumdar. Örfáir heyrnarlausir einstaklingar eldri en 16 ára héldu áfram að fá bætur. Það voru þá einstaklingar sem höfðu fengið þær sem börn eða voru með einhverja viðbótarfötlun. Ástæða þess að eldri heyrnarlausir fengu ekki styrk var sú að heyrnarleysi var ekki viðurkennd fötlun. Einnig hafði Tryggingarstofnun ríkisins á þessum tíma lítinn skilning á mikilli einangrun heyrnarlausra og öðrum félagslegum vandamálum þeirra sem hófust gjarna eftir að skólagöngu lauk. Sem nemendur í Heyrnleysingjaskólanum fengu heyrnarlausir aðstoð við þau vandamál sem komu upp en þegar skyldunáminu lauk höfðu þeir engan ráðgjafa eða önnur félagsleg úrræði, auk þess sem túlkabjónusta var ekki til staðar. Atvinnuleit var mjög erfið og þurftu heyrnarlausir að reiða sig á að fjölskylda eða vinir þekktu einhvern atvinnurekenda sem gæti útvegað þeim vinnu. Algengt var að heyrnarlausir væru fyrstir til að missa vinnuna þegar harðna fór í ári og þeir höfðu litla möguleika á að skipta um vinnu sökum menntunarleysis og voru einnig hræddir um að önnur vinna stæði ekki til boða. Heyrnarlausir unnu láglaunavinnu á kaupum sem ekki dugði fyrir þeim aukaútgjöldum sem fötlun þeirra leiddi til. Því taldi félagið eitt sinna brýnustu verkefna að tryggja heyrnarlausum örorkubætur á við aðra fatlaða einstaklinga í þjóðfélaginu.


Með samstilltu átaki tókst í fyrsta áfanga að tryggja eldri heyrnarlausum örorkubætur en svo fór að lokum að heyrnarleysi var viðurkennt sem fötlun, en þó aldrei meira en 50% örorka, þar sem heyrnarlausir gátu unnið fulla vinnu. Það var æði misjafnt hvernig heyrnarlausir voru metnir til örorku og gætir þess enn í dag þrátt fyrir nýjar lagasetningar um almannatryggingar. Með nýjum lögum frá 1999 geta heyrnarlausir óskað eftir nýju örorkumati og eru flestir

metnir til 75% örorku. Þar sem örorkubætur eru launatengdar eru þær fyrst og fremst hugsaðar sem öryggisnet fyrir heyrnarlausna.

Döff-blaðið

Eftir að félagið fór að auka starfsemi sína var ákveðið var að gefa út blað sem nota ætti til þess að koma á framfæri ýmsu er tengdist starfsemi félagsins og heyrnarlausum. Kom fyrsta blaðið út 1976. Í ritstjórnarpistlinum sem fylgdi þessu fyrsta blaði kemur þetta fram um efni blaðsins:

Efni blaðsins verður frá Íslandi og einnig frá útlöndum. Við munum hafa stuttar greinar og það verður vel þegið ef þið lesendur þessa blaðs sendið okkur fréttir og teikningar eða annað sem að gagni mætti koma. Spurningar væru líka vel þegnar og vonumst við til að geta fengið svör við sem flestum spurningum sem berast til blaðsins.



Efni þessa fyrsta tölublaðs var eingöngu þýddar erlendar fréttir en úr því rættist í því næsta. Blaðið var í mikilli mótun fyrst um sinn en hafði samt ávallt þann tilgang að uppfræða og koma með skemmtiefni úr samfélagi heyrnarlausra eingöngu.

Blaðið kom tvisvar sinnum út þetta fyrsta ár en síðar var reynt að gefa það út fjórum sinnum á ári. Efnistöð blaðsins og áherslur voru lítaðar að því sem átti sér stað innan félagsins. Sagt var frá mótum er heyrnarlausir sóttu og haldin voru héraendis, frá þeim skemmtunum sem haldnar voru af félaginu, skáklúbbnum og tekin viðtöl við heyrnarlausna og aðra sem komu að samfélagi þeirra. Efni blaðsins snérist að litlu leyti um baráttumál félagsins enda var lögð höfuðáherslan á það hjá félaginu á áttunda áratugnum að félagið eignaðist sitt eigið húsnæði. Tímaritið leið fyrir þetta þar sem stærsti hluti teknanna

rann til húsakaupa. Blaðið var skemmtilesning, ætlað að tengja saman heyrnarlausna sem bjuggu um allt land. Á þessi atriði lagði ritstjóri blaðsins áherslu nokkrum árum seinna í ritstjórnarpistli sínum þar sem hann segir: „Ég álít að heppilegra sé að hafa spurningaþætti o.þ.h. í blaðinu heldur en stjórnmal og slíkt, blaðið á ekki að vera pólitískt.“

Tímarit heyrnarlausra var gefið út fram til ársins 1985 en var þá lagt niður vegna of mikils kostnaðar. Næstu fjögur árin kom blaðið út frekar strjált en árið 1989 var ákveðið að hefja útgáfu nýs blaðs, Fréttabréfs heyrnarlausra. Fréttabréf heyrnarlausra var að flestu leyti eins uppbyggt og forveri þess en þó fór að bera á baráttumálum félagsins enda fór þeim fjölgandi á þessum tíma samfara því að heyrnarlausir voru að verða æ meðvitaðri um stöðu sína. Fréttablaðið var gefið út fram til 1995 en þá lagðist útgáfan niður og lá niðri þar til árið 1997 að Döff-blaðið hóf göngu sína.

Döff-blaðið hefur verið í stöðugri þróun frá fyrsta tölublaði og er svo komið að blaðið er orðið eitt helsta mál gagn félagsins, blað þar sem félagið kemur á framfæri ýmsum upplýsingum er lúta að heyrnarlausum, menningu þeirra og sögu og helstu baráttumálum. Blaðið hefur verið að undanfögnu efnisskipt þar sem tekið er fyrir ákveðið afmarkað efni og það kynnt út frá sjónarhorni heyrnarlausra sem og fræðilegu sjónarhorni.

Tilgangur blaðsins er orðinn sá að uppfræða, ekki aðeins heyrnarlausu heldur einnig hið heyrandi samfélag.

Samfara Döff-blaðinu gefur félagið út mánaðarlega lítinn fréttapésa sem ber nafnið Döff-pósturinn og inniheldur hann dagskrá félagsins og fréttir frá félaginu.

Táknmálsorðabók og forrit

Þegar fyrsta táknmálsorðabókin kom út 1976 var orðin æði mikil þörf fyrir útgáfu hennar. Krafa almennings og aðstandanda heyrnarlausra um aðgang að táknum varð sífellt háværari eftir því sem táknmálið vann sig í álit og almenningur fór að skilja hversu mikilvægt það væri fyrir heyrnarlausu að geta tjáð sig á sínu eigin móðurmáli. Brandur Jónsson, þáverandi skólastjóri Heyrnleysingjaskólans skrifaði formála að þessari fyrstu táknmálsorðabók og þar kemur hvern hann taldi tilgang bókarinnar vera en samkvæmt Brandi var hann að samræma “bendingarmálið” svo að heyrnarlausir gætu talað sín á milli:


Æskilegt væri að samræming bendingarmálsins næði til sem allra flestra landa, því enn sem komið er hefir ekkert nýtt komið fram sem leyst gæti bendingarmálið fullkomlega af hólmi. Framfarir í radiótækni hafa auðveldað mörgum heyrnarskertum að læra talmál, en fyrir þá sem lítið eða ekkert heyra hefir hin nýja tækni lítið getað gert.

Þetta ósamræmi í “bendingarmálinu” taldi hann vera afleiðingu mismunandi kennsluhátta fyrir heyrnarlausu. Brandur nefnir mikilvægi bendingarmálsins fyrir heyrnarlausu og segir að “því er oft haldið fram og það með réttu að bendingarmálið sé í raun og veru móðurmál heyrnarlausra. Athyglisvert er þó að þetta móðurmál var ekki það virt að ekki skildi reyna allar leiðir til þess að finna eitthvað í staðinn fyrir það.

Hópurinn sem stóð af útgáfu bókarinnar hafði aðra hugmyndir um tilgang bókarinnar. Bók þessi, sem er bráðabirgðarútgáfa, er hugsuð sem uppsláttarbók fyrir heyrnleysingja, foreldra þeirra og alla þá, sem áhuga hafa á málefnum heyrnleysingja. Síðast en ekki síst er þess vænst, að lítið verði á bókina sem viðbótarframlag eða hjálpargagn við kennslu heyrnardaufra. Öllum má vera ljóst, að samfara aukinni framhaldsmenntun heyrnleysingja, hvort heldur iðnmenntun eða annarri menntun, eykst þörfin fyrir staðgóðan orðaforða og málskilning. Því er heyrnleysingjum og kennurum þeirra nauðsynlegt að kunna sem mest í táknmáli.

Þegar vinnan við bókina var komin á veg höfðu safnast um 700 íslensk tákni. Þar sem vinnuhópurinn taldi þau of fá, voru önnur 6-700 tákni fengin að láni úr danska og sænska táknmálinu, þau kynnt fyrir heyrnarlausum og tekin inn í íslenska táknmálið. Ástæðuna fyrir því að svona fá íslensk tákni væru í bókinni taldi hópurinn vera “ að mörg tákni, sem eru til í íslensku táknmáli, hafi orðið útundan, og kemur þar tvennt til. Í fyrsta lagi er íslenska táknmálið afar langt frá því að vera staðlað, samræmt kerfi tákna með sama gildi fyrir þá einstaklinga, sem það nota. Þvert á móti á hver heyrnleysingi eða hver aldurshópur meðal

heyrnleysingja að vissu leyti sitt eigið kerfi tákna. Í öðru lagi má kenna um tímaskorti, þar sem reynt var að hraða útgáfu bókarinnar eftir megni. Sú vöntun á stöðlun táknmálsins sem um ræðir í textanum mundi í dag flokkast undir það að mál eru kynslóðaskipt, það er að segja að einhver munur er á málum til dæmis eldri borgara og unglinga. Með aukinni tækni og örari þróun í heiminum breytist mál og er og var táknmálið enginn undantekning frá þeirri reglu. Vinnuhópurinn endar svo þennan formála á að segja “ að bókin eigi eftir að auka málþroska heyrnleysingja og þar með þroska þeirra og tækifæri sem einstaklings.



Táknmálsorðabókin seldist upp á nokkrum árum og eftir það varð nokkur biðstaða í orðabókagerð af hálfu félagsins. Um áramótin 1987 – 1988 var táknmálsorðabókin frá 1976 endurbætt og endurútgefin. Táknunum var fjölgað í samræmi við þróun málsins og hefur síðan verið tvisvar endurútgefin.

Frá þessum endurútgáfum hefur verið lítið gert í útgáfum á táknmálsorðabókum. Ástæðan fyrir því er sú að það form sem var á bókunum henntar engan veginn fyrir táknmálið. Teikningarnar komu of litlum hluta hvers tákns til skila, ýmis málfræði atriði svo sem munnhreyfingar komu hvergi fram og oft var erfitt að átta sig á réttum handhreyfingum.

Með aukinni menntun og tækifærum fyrir heyrnarlausra, örari tækniþróun, mikillri sérhæfingu og miklum breytingum á heimsskipulagi verður þörfin fyrir fleiri tákni og dreifingu þeirra ávallt meiri. Því þarf að finna hentugara form á táknmálsorðabókum. Þar sem nútímataekni leyfir í ríkara mæli sjónrænan flutning gagna er tölvuformið það form sem best væri til þess að nota við orðabókagerð. Með því að taka mynd af tákni í notkun kæmu öll málfræði atriðin fram og notandinn myndi læra táknið rétt og fengi jafnvel dæmi um hvernig eigi að nota táknið í setningu.

Framtíðarsýnin er eins og á flestum sviðum sem snúa að heyrnarlausum sú, að tækni verði nýtt í enn frekari mæli, ekki aðeins heyrnarlausum til góðs heldur einnig hinu heyrandi samfélagi.

Árin 1980-1990



(Mynd: *Guðlaug Snorradóttir, skólastjóri Heyrnleysingjaskólans 1980-1985.*)

Á níunda áratugnum varð vakning meðal heyrnarlausra í sambandi við réttindamál þeirra, ekki síst varðandi móðurmál heyrnarlausra, táknmálið. Vakningin kom meðal annars fram í því að félagið fór að beita sér í ríkari mæli að hagsmunabaráttu og þeim þáttum í þjóðfélaginu þar sem heyrnarlausir voru undir. Ástæðurnar fyrir þessari vakningu voru margvíslegar; aukin þátttaka í norðurlandasamstarfi hafði mikið að segja og einnig hin almenna vakning sem var að verða meðal heyrnarlausra um allan heim á þessum tíma. Þessi vakning kom meðal annars fram í því að lögð var áhersla á það að táknmálið væri hafið til vegs og virðingar. Baráttan fyrir viðurkenningu táknmálsins sem móðurmáls heyrnarlausra hófst undir lok áratugsins og lögð var áhersla á mikilvægi íslenska táknmálsins í umhverfi heyrnarlausra. Félag heyrnarlausra setti á laggirnar táknmálsnefnd sem meðal annars sá um að endurútfega táknmálsorðabókina og stóð fyrir einhverjum táknmálsnámskeiðum. Þó verður að geta þess að skilningur manna á táknmálinu var ekki fullkominn og oft var það táknúð íslenska sem var kennd á þessum námskeiðum.



Gunnar Salvarsson, skólastjóri Heyrnleysingjaskólans (nú Vesturhlíðarskóli) 1985-1996

Markmið félagsins breyttust eins og kom fram í nýjum lögum er sett voru á þessum tíma: „Tilgangur félagsins er að vinna að hvers konar menningar- og hagsmuna-málum félaga, svo og að styðja þá eins og félaginu er fært.“ Félagslífið var þó enn stór hluti af starfsemi félagsins, sem og annað klúbbastarf á vegum þess.

Markmiðin höfðu færst frá því að snúast um að halda út skemmtidagskrá og yfir í að einbeita sér að því að fella niður þá múra sem aðskildu heyrnarlausa frá hinu heyrandi samfélagi og segja má að þessi breyttu markmið hafi verið tekin upp eftir af Menningarhátíð heyrnarlausra var haldin hér á landi árið 1986.

Norræn menningarhátíð heyrnarlausra á Íslandi

Einn stærsti þáttur í samvinnu heyrnarlausra á Norðurlöndunum er menningarhátíð sem haldin er á fjögurra ára fresti. Tilgangur hátíðarinnar er tvenns konar: í fyrsta lagi fær heyrnarlaust fólk tækifæri til að koma saman og kynnast bæði landi og þjóð gestgjafanna hverju sinni og í öðru lagi eru áhugamál og hagsmunamál heyrnarlausra sett í öndvegi, þau rædd og krufin og reynt sameiginlega að finna bestu lausnina.

Árið 1986 var komið að Félagi heyrnarlausra á Íslandi að halda þessa menningarhátíð. Menningarhátíð hafði viðtæk áhrif og skipti sköpum fyrir heyrnarlausra á Íslandi. Það má segja að áhrifin hafi verið þrískipt. Í fyrsta lagi var þetta stærsta verkefnið sem félagið hafði ráðist í, í öðru lagi fékk hátíðin mikla athygli í fjölmiðlun og þar af leiðandi urðu heyrnarlausir sýnilegri í samfélaginu og í þriðja lagi var þetta í fyrsta sinn sem íslenskir „táknmálstúlkar“ túlkuðu opinberlega.

Yfirskrift hátíðarinnar var **Verndun og þróun menningar heyrnarlausra** og tilgangur hátíðarinnar var að ræða þessi mál, sjá hinar margvíslegu myndir menningar heyrnarlausra á Íslandi og kynnast landi og þjóð.

Undirbúningurinn var alfarið í höndum félagsins en stærsti þátturinn var þjálfun túlka. Norðurlandaráð heyrnarlausra setti félaginu þau skilyrði að íslenskir táknmálstúlkar túlkuðu á ráðstefnunni og því hófst þjálfun túlka í fyrsta sinn á Íslandi. Tilkoma túlkana sýndi heyrnarlausum á Íslandi hvernig enn frekar væri hægt að brjóta niður þá múra í samfélaginu sem umlykja heyrnarlausra og opna þeim leiðir til þess að tengjast hinu heyrandi samfélagi. Segja má að þessi tvö samfélög sem byggja þetta land, hið heyrandi og hið heyrnarlausra hafi náð að kynnast hvort öðru aðeins betur á meðan á menningarhátíðinni stóð, hinir heyrnarlausu með því að kynnast þeim möguleikum sem túlkar bjóða upp á og hið heyrandi með allir þeirri umfjöllun sem var um heyrnarlausra í fjölmiðlun á meðan hátíðin stóð yfir.

Kirkja heyrnarlausra



Kirkjuleg þjónusta við heyrnarlausra var lítil fram eftir öldinni. Heyrnarlaus börn voru fermd en fengu misjafnan undirbúning fyrir ferminguna og ætla má að í ýmsum tilvikum hafi kennslan verið mjög takmörkuð. Safnaðarlíf meðal heyrnarlausra fór að glæðast eftir að Kristín Sverrisdóttir, kennari við Heyrnleysingjaskólann, hóf að standa fyrir messum fyrir heyrnarlausra og öðru kirkjulegu starfi í samstarfi við þjóðkirkjuna. Kristín gerði þetta af hreinni hugsjónastarfsemi en vakti með þessu starfi enn frekar upp þær spurningar hvort heyrnarlausir ættu ekki að fá sinn eigin prest sem kynni málið þeirra eins og hafði tíðkast á Norðurlöndunum um nokkuð langt skeið. Eftir viðræður við þjóðkirkjuna og samþykki hennar var fyrsti prestur heyrnarlausra, sr. Miyako Þórðarson, vígð í embætti.

Sr. Miyako Þórðarson var vígð 13. desember 1981 og hefur frá því séð um alla kirkjulega þjónustu fyrir heyrnarlausra svo sem fermingar, giftingar og jarðafarir. Samhliða starfi

prestsins hefur í kirkjunni starfað táknmálskór sem flytur sálma á táknmáli, þar er barnastarf og guðsþjónustur haldnar á táknmáli



Kirkjustarf heyrnarlausra hefur verið blómlegt undanfarin ár. Með tilkomu prests heyrnarlausra opnaðist þjóðkirkjan loksins fyrir þessum hópi Íslendinga sem hafði fram að því haft lítil tækifæri til þess að iðka sína trú. Þessi þjónusta var fest í lög árið 1997. Í lögnum segir að þar sem prestþjónustu verði ekki viðkomið, svo sem við sjúkrastofnun, við fangelsi og meðal heyrnarlausra, skuli kalla til presta sem að jafnaði hafi sérmenntun til starfans. Þar með var kirkjuleg

þjónusta heyrnarlausra ein af fáum opinberum þjónustum sem er lögvernduð sérstaklega fyrir heyrnarlausa.

Textasíminn

Fyrstu kynnum heyrnarlausra Íslendinga af textasíma var þannig háttað að heyrnarlaus Íslendingur fór sem skiptinemi til Bandaríkjanna og komst þá í tæri við textasímamann Minicom II. Skiptineminna flutti með sér heim einn slíkan og það varð til þess að meðal heyrnarlausra vaknaði mikill áhugi á að komast í símasamband. Minicom-símarnir höfðu verið í notkun erlendis um nokkurra ára skeið. Félag heyrnarlausra hóf að beita sér fyrir því að símanir yrðu keyptir til landsins og 1985 voru þeir teknir í notkun. Þetta var í fyrsta sinn sem heyrnarlausir gátu verið í símasambandi sín á milli.

Möguleikar heyrnarlausra á notkun símans jukust enn frekar árið 1991 þegar ritsíminn hóf starfsemi textasímamiðstöðvar. Textasímamiðstöð var í fyrstu hugsuð sem öryggisþjónusta fyrir heyrnarlausa svo að þeir gætu náð í lögreglu, sjúkrabíl og slökkvilið. Þjónustan varð þó fljótt með því sniði eins og hún er í dag, alhliða tengiliður fyrir heyrnarlausa við hið heyrandi samfélag.

Minicom-textasíminn var ekki gallalaust tæki. Síminn var gerður fyrir bandarískan markað og hafði því enga íslenska stafí. Síminn var lítill, samskiptin voru hæg og óþjál. Eftir því sem tækninni fór fram komu fram nýir lausnir fyrir heyrnarlausa. Árið 1993 tók Póstur og sími að sér að kaupa og dreifa nýju forriti fyrir textasíma og færði Félagi heyrnarlausra það að gjöf. Með tilkomu nýja forrits, Nortek, opnuðust möguleikar fyrir heyrnarlausa til þess að hafa símasamband við alla þá sem höfðu aðgang að venjulegri tölvu, mótaldi og forritinu, bæði hér á landi og í Noregi. Enn fremur auðveldaði það heyrnarlausum allan aðgang að opinberum stofnunum og öðrum þjónustuaðilum. Nýja forritið var mjög auðvelt í notkun en við eitt af markmiðunum við hönnun þess var að notkun forritsins minnti sem mest á venjulegt símtal. Samhliða útgáfu þessa nýja forrits keyptu stjórnvöld tölvur fyrir heyrnarlausa, sem nota átti sem síma.

Fljótlega komu upp stórir gallar í tölvunum sem keyptar voru auk þess sem Nortek-forritið varð fljótlega of hægvirkt miðað við nýjan tölvubúnað. Félag heyrnarlausra tók því upp viðræður við Landssímamann um útgáfu á nýju forriti. Á árunum 1997-1999 var unnið að því að

finna heppilegt forrit, þýða það og staðfæra. Þeirri vinnu lauk haustið 1999 með útgáfu Skjáma. Þetta nýja forrit auðveldaði samskipti heyrnarlausra enn frekar, bæði sín á milli og einnig við hið heyrandi samfélag. Með Skjáma er hægt að nota venjulega PC-tölvu sem textasíma. Forritið býður upp á miklu fleiri möguleika en eldri forrit og ef rétt á haldið getur það aukið verulega aðgang heyrnarlausra að þjónustu fyrirtækja og stofnana sem geta í fyrsta sinn átt símasamskipti við heyrnarlausra án mikils kostnaðar og fyrirhafnar. Sem dæmi má nefna að Neyðarlínan er með Skjáma og því geta heyrnarlausir hringt í síma 112 eins og aðrir landsmenn og náð í þá neyðaraðstoð sem þeir óska eftir.

Á degi heyrnarlausra árið 1999 afhenti heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra svo félagsmönnum nýjar tölvur til þess að nota með nýja forritinu.

Táknmálsfréttir



Frá því að ríkissjónvarpið hóf útsendingar árið 1966 hafa heyrnarlausir barist fyrir betra aðgengi að þessum upplýsingamiðli. Í byrjun bauð tækni sjónvarpsins ekki upp á marga möguleika en eftir því sem tímar liðu breyttist það og því var lögð meiri áhersla á baráttu félagsins að bættu aðgengi heyrnarlausra að sjónvarpinu.

Hvernig sú barátta fór fram er ekki alveg vitað en góð hjálp barst frá Esperantistafélaginu. Á fundi Esperantistafélagsins Auroro sem var haldinn 14. desember 1979 var samþykkt greinargerð þar sem Ríkisútvarp-sjónvarp er hvatt til þess að finna leiðir til þess að bæta aðgang

heyrnarlausra og heyrnarskertra að þessum ríkismiðli.

Esperantistafélagið kom með þrjár hugmyndir svo unnt væri að koma á móts við heyrnarlausra og voru þær á þá leið að hægt væri í upphafi hvers fréttatíma að sýna textayfirlit á skjánum, flytja á táknmáli fréttayfirlit í sjónvarpinu og að lokum að setja texta á allt íslenskt sjónvarpsefni og þá sérstaklega fræðsluþætti. Þessi greinargerð var svo kynnt félaginu og að lokum kynnt útvarpsstjóra og útvarpsráði.

Í greinargerð sinni höfðaði Esperantistafélagið til 19. greinar mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna en í henni stendur að: “Hver maður skal vera frjáls skoðana sinna og að því að láta þær í ljós. Felur slíkt frjálsræði í sér réttindi til þess að leita, taka við og dreifa vitneskju og hugmyndum með hverjum hætti sem vera skal og án tillits til landamæra.”.

Útvarpsráð samþykkti greinargerðina og það var ofan á að textaður úrdráttur skyldi fylgja fréttunum. Þær útsendingar hófust síðan tæpu ári eftir að fundur Esperantista fór fram eða 1. október 1980. Fljótlega eftir að þessar útsendingar hófust var gerð könnun meðal heyrnarlausra hvort að textinn kæmu þeim að góða notum. Könnun leiddi í ljós að svo var ekki, textinn var of erfiður að skilja og fáir gátu því nýtt sér hann. Félagið hóf því athugun á

Því hvaða aðrar leiðir voru í stöðunni til þess að mæta aðgengi heyrnarlausra að sjónvarpinu og átti fund með fulltrúum sjónvarpsins. Það fyrsta sem var athugað var hvort möguleikar væru á því að setja inn mynd af túlki sem mundi túlka fréttinar samtímis eins og gert var í nágrannalöndunum á þessum tíma. Sjónvarpið taldi að það færi óframkvæmlegt þar sem sjónvarpsefnið bærist oft ekki fyrr en nokkrum mínútum fyrir útsendingar og því of lítill tíma til undirbúnings. Niðurstaðan varð því sú að fréttagrip á táknmáli þótti besti kosturinn.



(Mynd: Þórdís Þórðardóttir í fréttagrip á táknmáli 1981)

Fyrsta fréttagrip á táknmáli var flutt í sjónvarpinu þann 1. nóvember 1981 og var Vilhjálmur G. Vilhjálmsson sem byrjaði á því að bjóða gott kvöld og segja frá stjórnarkosningum í Alþýðuflokknum og vegaskemmdum fyrir austan. Þetta með var fyrsta skerfið tekið í átt að veita heyrnarlausum betri aðgang að Ríkisútvarpinu-sjónvarp, sjónvarpi allra landsmanna.

Aðgengi heyrnarlausra að upplýsingum úr sjónvarpi jukust þegar árið 1991 á 25 ára afmæli Ríkisútvarpsins, að sjónvarpið hóf formlega tilraunaútsendingar á textavarpi. Textavarpið gaf heyrnarlausum til dæmis aðgang að almennum fréttum, veðurfréttum, upplýsingum um dagská, íþróttáútslit, fjármál o.fl.. Ákveðin fjöldi af síðum voru teknar frá fyrir Félagi heyrnarlausra og þar gafst félaginu kostur að koma á framfæri tilkynningum um fundi, samkomur og öðrum upplýsingum til félagsmanna sinna.

Á seinni árum bættust svo við að áramótaskaupið var textað fyrir heyrnarlausra og heyrnarskerta sem og sunnudagsleikhúsið og áramótaávarp forseta hefur verið endurflutt á táknmáli síðustu á. Þá fá heyrnarlausir 50% afslátt af afnotagjöldum ríkisútvarp-sjónvarp.

Þrátt fyrir þessa viðbót er aðgangur heyrnarlausra og heyrnarskertra að efni sjónvarpsins, sjónvarpi allra landsmanna, enn alltof lítill og kemur þar til að enn hefur sjónvarpið ekki tekið upp þá stefnu að láta texta fylgja með íslensku efni. Og þetta er enn eitt af stærstu baráttumálum félagsins.

Árin 1990-2000



(Mynd: Frá Degi heyrnarlausra 1995)

Samfélag heyrnarlausra stóð á þröskuldi á þessum síðasta áratug 20. aldarinnar. Lög um Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra voru samþykkt og Samskiptamiðstöð tók til starfa. Heyrnarlausir höfðu nú greiðan aðgang að tulkum og ættingjar þeirra að táknmálsnámskeiðum, auk þess sem hið heyrandi samfélag var smám saman að

opnast meira fyrir heyrnarlausum. Táknmálið og viðurkenning þess sem móðurmáls heyrnarlausra var orðið að aðalbaráttumáli félagsins og eftir því sem líða tók á áratuginn var félagið hægt og rólega að þokast frá því að standa fyrir skemmtunum fyrir heyrnarlausum til þess að standa fyrir mjög kröftugri réttindabaráttu og fræðslufundum fyrir heyrnarlausum. Einnig hóf félagið átak í atvinnumálum sem felst meðal annars í því að á skrifstofu félagsins er starfandi atvinnumálafulltrúi sem aðstoðar heyrnarlausum við að leita sér að vinnu, fylgir þeim eftir á vinnustað og virkar eins og tengiliður milli hins heyrnarlausra og atvinnurekandans. Báðir aðilar geta leitað til fulltrúans til þess að leysa úr þeim vandamálum sem geta komið upp vegna samskiptaörðugleika. Þetta átak hefur gefið einstaklega góða raun og snarlækkað atvinnuleysi meðal heyrnarlausra.

Einnig hefur félagið, í samvinnu við Samskiptamiðstöð, staðið fyrir fullorðinsfræðslu fyrir heyrnarlausum þar sem kennd hafa verið táknmál, saga og menning heyrnarlausra og danska svo eitthvað sé nefnt.

Heyrnarlausir eru sífellt að verða meðvitaðri um rétt sinn og baráttuaðferðir félagsins hafa tekið mið af því. Heyrnarlausir hafa síðustu árin lagt áherslu á að gera móðurmál sitt og menningu sýnilegri í samfélaginu með það að markmiði að vekja athygli á sérstöðu sinni sem minnihlutahóps. Félagið hefur því barist fyrir auknum réttindum heyrnarlausra út frá mannréttindarsjónarmiðum.

Þessi síðasti áratugur aldarinnar hefur almennt verið litaður af fjölmögum tækninýjungum og hafa heyrnarlausir getað nýtt sér þá tækni á fjölmörgum sviðum. Einnig hefur aðgangur þeirra og kennsla í notkun þessarar nýju tækni stórbátnað. Almenn vakning hefur orðið um íslenska táknmálið og heyrnarlausum sem sérstakan menningarhóp og hefur það meðal annars komið fram í því að táknmálið er oftara notað á opinberum vettvangi en áður.

Stefnu félagsins í dag mætti í stuttu máli útskýra eins og kemur fram í lögum félagsins:

Tilgangur félagsins er að vinna að hvers konar menningar- og hagsmunamálum heyrnarlausra og heyrnarskertra, svo og styðja þá eins og félagið er fært um.

Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra

Lög um Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra voru samþykkt á Alþingi þann 31. desember 1990 og tók stöðin til starfa árið 1991. Með tilkomu Samskiptamiðstöðvar var í fyrsta skipti komið á túlkaþjónustu, hafnar reglubundnar rannsóknir á táknmáli, kennslu táknmáls og svo síðar túlkanámi á háskólastigi.

Fram að stofnun stöðvarinnar hafið aðgengi heyrnarlausra að íslensku samfélagi verið lítið sem ekkert þar sem ekki voru til staðar faglærðir túlkar. Heyrnarlausir voru háðir velvild ættingja sinna um aðstoð um upplýsingar en kunnátta þeirra í táknmáli var æði misjöfn og upplýsingar til heyrnarlausra eftir því.



(Mynd: Berglind Stefánsdóttir talar á fundi með Svavari Gestssyni menntamálaráðherra snemma á árinu 1990)

Á níunda áratugnum voru gerðar nokkrar skýrslur um úrbætur í málefnum heyrnarlausra. Niðurstaða þessara skýrslna var samhljóðandi, túlkun var það sem vantaði til þess að bæta aðgengi heyrnarlausra að samfélaginu. Heyrnarlausir höfðu kynnst túlkun í því mikla Norðurlandasamstarfi sem félagið tók þátt í og það voru Norðurlöndin sem kröfðust þess að Félag heyrnarlausra tæki sig á í þeim málum. Menningarhátíð heyrnarlausra var haldin hér á landi í fyrsta sinn árið 1986 og var eitt aðalskilyrði þess að félagið fengi að halda ráðstefnuna það að á ráðstefnunni yrðu íslenskir túlkar. Félag heyrnarlausra stóð því fyrir túlkanámi árin 1985-1986 og út frá því komu fram á sjónarsviðið fyrstu íslensku túlkanir. Á menningarhátíðinni kynntust heyrnarlausir á Íslandi svo túlkun og í kjölfar hátíðarinnar opnaðist möguleiki á að fá táknmáls túlkun í skóla, hjá lækni og almennt í samskiptum í samfélaginu. Því má segja að eftir 1986 hafi mikil vakning orðið meðal heyrnarlausra og þeir farið að gera sér grein fyrir þeim möguleikum sem túlkar buðu upp á, sérstaklega í sambandi við menntun.

Þörfin fyrir stofnun Samskiptamiðstöðvar var orðin brýn. Án hennar og þess uppbyggingarstarfs sem þar færi fram yrðu ekki til neindir túlkar. Til þess að mennta túlka varð að hefja rannsóknir á táknmáli, semja námsefni, mennta táknmálskennara, ná samningum við menntastofnun til að bjóða námið og búa til túlkanám.

Þótt þörfin fyrir túlka hafi verið sýnilegasta ástæðan fyrir stofnun Samskiptamiðstöðvar var hins vegar uppbygging á táknmálsumhverfi í kringum þau heyrnarlausu börn sem fæðast og táknmálskennsla til fjölskyldna heyrnarlausra barna sennilega langbrýnasta verkefnið. Áður en Samskiptamiðstöð varð til gátu foreldrar hvergi fengið táknmálskennslu.



(Mynd: Við útskrift fyrstu táknmálstúlkarnir ásamt kennurum)

Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra hefur margsannað gildi sitt á þeim tíu árum sem hún hefur verið starfandi. Þar er túlkþjónusta sem heyrnarlausir sem heyrandi geta leitað til, táknmálsskennsla fyrir fjölskyldur heyrnarlausra barna, haldin eru regluleg táknmálsnámskeið fyrir alla þá sem hafa áhuga á því að læra táknmál, unnar eru rannsóknir á táknmáli og þróuð kennsluforrit og námsefni fyrir heyrnarlausra. Á Samskiptamiðstöð er einnig ráðgjafarþjónusta fyrir fjölskyldur heyrnarlausra og heyrnarskerta, svo og alla aðra um samskipti við heyrnarlausra og hefur stöðin unnið að margvíslegum baráttumálum er tengjast heyrnarlausum, bæði út af fyrir sig og í samvinnu við Félag heyrnarlausra.

Lög um réttindi sjúklinga



(Mynd: Nemendur og kennarar í Vesturhlíðarskóla 2000)

Ný lög um réttindi sjúklinga tóku gildi vorið 1997 og í þeim var heyrnarlausum í fyrsta sinn tryggð túlkun í heilbrigðisgeiranum með eftirfarandi grein:

„Eigi í hlut sjúklingur sem ekki talar íslensku eða notar táknmál skal honum tryggður

túlkun á upplýsingum samkvæmt þessari grein.“

Lögin tryggðu aðeins túlkun á afmörkuðu sviði en með þeim var þó viðurkennt að ef heyrnarlausir fengju ekki túlk, nytu þeir annars flokks þjónustu.

Þegar lögin voru endurskoðuð árið 1996 gengu fulltrúar félagsins á fund þeirrar nefndar sem sá um endurskoðun á lögnum og skýrðu út sjónarmið félagsins. Jafnframt var sagt frá samskiptum heyrnarlausra við heilbrigðisgeirann og þau vandamál sem sköpuðust vegna fjarveru túlks. Nefndin tók vel í umleitanir félagsins og því var greinin sett í nýju lög.

Kæra á hendur Ríkissjónvarpinu

Haustið 1998 fór Félag heyrnarlausra þess á leit við Ríkisútvarpið Sjónvarp að framboðsumræður í sjónvarpi kvöldið fyrir Alþingiskosningarnar 1999 yrðu túlkaðar samtímis á táknmál. Máli sínu til stuðnings benti félagið á grein í útvarpslögum þar sem meðal annars koma fyrir eftirfarandi orð: „... ríkisútvarpið skal halda í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur og mannréttindi og frelsi til orðs og skoðana“. Einnig benti félagið á Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna sem íslensk stjórnvöld hafa undirritað en í 21.

grein yfirlýsingarinnar er kveðið á um rétt hvers manns til að taka þátt í stjórn landsins og þar með njóta lýðræðisréttinda.

Ríkisútvarpið Sjónvarp svaraði þessari beiðni félagsins neitandi án nokkurs rökstuðnings en lauk máli sínu á því að segja að ef félagið gæti fundið aðra lausn mundi RÚV „kanna hvort raunhæft sé að framkvæma hana“. Félag heyrnarlausra leitaði eftir áliti Menntamálaráðherra á svarinu. Hann taldi að RÚV hafi farið rétt að málinu en að betri rökstuðningur hafði getað fylgt svari þess. Áfram var reynt að finna lausn á þessu máli. RÚV bauðst til þess að endursýna þáttinn seinna um kvöldið og aftur snemma um morguninn, áður en kjörstaðir væru opnaðir. Þessi lausn samræmist ekki stefnu félagsins um að heyrnarlausir skuli sitji við sama borð og aðrir.

Þar sem þetta var lokatilboð RÚV sá félagið ekki fram á önnur úrræði en að stefna útvarpsstjóra og láta reyna á það fyrir dómstólum hvort að neitun RÚV væri brot á lögum. Málið var tekið fyrir hjá Héraðsdómi Reykjavíkur þar sem báðir aðilar lögðu fram gögn sín. Héraðsdómur dæmi RÚV í hag og taldi að hvergi kæmi fram í útvarpslögum nokkurt sem skyldaði stofnunina til að túlka framboðsumræður í sjónvarpi í beinni útsendingu. Félag heyrnarlausra undi ekki þessum úrskurði og áfrýjaði málinu til Hæstaréttar.

Að lokinni yfirferð málgagna og eftir að stefnendur og hinn stefndi höfðu lagt fram gögn máli sínu til stuðnings kvað Hæstiréttur upp úrskurð sinn:

Ljóst þótti að það sé í samræmi við lögákvæðið hlutverk Ríkisútvarpsins samkvæmt 15. gr. útvarpslaga nr. 68/1985 að það kynni framhjódendur og stefnumál þeirra fyrir kosningar til Alþingis. Bæri Ríkisútvarpinu ótvírætt að gæta jafnræðis þegar það sinnti þessu hlutverki sínu og lyti sú skylda ekki aðeins að framhjódendum og þeim stjórn málaöflum sem í hlut ættu, heldur einnig að þeim sem útsendingum væri beint til. Ætti því Ríkisútvarpið að haga gerð og útsendingu framboðsumræðna þannig að aðgengilegt væri heyrnarlausum, sbr. einnig 7. gr. laga nr. 59/1992 um málefni fatlaðra.

Hæstiréttur féllst á að gefa ætti Ríkisútvarpinu svigrúm við tilhögun dagskrár og útsendinga ef það gæfi gild og málefnaleg rök fyrir því en það gat Ríkisútvarpið ekki. Kom fram í málflutningi að hvorki væri þetta óframkvæmanlegt af hendi túlka, tæknilega óframkvæmanlegt eða dýrt í framkvæmd að túlka á táknmál í beinni útsendingu.

Og því fór það svo að föstudagskvöldið 7. maí 1999 gátu heyrnarlausir sest niður á sama tíma og aðrir landsmenn og fylgst með lokabaráttu stjórn málaflökkana um hylli kjósenda, í fyrsta sinn í sögu Ríkissjónvarpsins.